



Handaflækja.

Frábær sem kynningarleikur, þrautaleikur, upphitun. Hægt að fara í allsstaðar. Nema í strætó á ferð, en prófið í flugvél.

Yfirlit:

Þátttakendur grípa í hendurnar á hverjum öðrum og þruga síðan að leysa úr þeirri flækju sem myndast.

Hvað þarf:

7+ þátttakendur, 15 þátttakendur eru efri mörk.

Hvað á að gera:

Allir standa þétt í hring með útrétta hendur og lokuð augu. Því næst finna allir hönd til að halda í, þó má ekki eingöngu taka í höndina á þeim sem er næst manni. Þegar allir eru búnir að finna hönd til að halda í þá opna þátttakendur augun og líta yfir handaflækjuna sem hefur myndast. Næsta skref er að leysa handaflækjuna án þess að sleppa höndum. Að lokum á að myndast einn hringur en stundum myndast tveir, jafnvel þrír það eru mjög margir þátttakendur.